

Þegar um er að ræða tækifæris- og gjafasendingar frá útlöndum á áfengi og tóbaki má hver sending ekki nema meira magni en tvöföldu því sem tilgreint er í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. Greiða skal einkasölugjald af slíkum sendingum eftir gjaldskránni í 1. mgr. þessarar greinar.

8. gr.

Sérhverja afgreiðslu samkvæmt 7. gr. skal færa í sérstaka afgreiðslubók. Þar skal fært inn magn og tegund varnings sem greitt er af, svo og gjöld þau sem innheimt eru, en innflytjandi á rétt á að fá greiðslukvittun. Ennfremur skal varningurinn auðkenndur með sérstökum merkimiðum sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins lætur tollgæslunni í té og gerðir skulu í samráði við ríkistollstjóra. Ríkistollstjóri getur ákveðið að framangreindur varningur verði auðkenndur með öðrum hætti.

9. gr.

Einkasölugjald sem innheimt er samkvæmt 7. gr. skal sent viðkomandi einkasölu svo fljótt sem kostur er og eigi síðar en tveim mánuðum eftir að afgreiðsla fór fram.

10. gr.

Nú er varningur sem tollafgreiddur er samkvæmt reglugerð þessari seldur eða boðinn til sölu án þess að aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd og varðar það þá refsingu samkvæmt XIV. kafla tollalaga nr. 55 30. mars 1987, með áorðnum breytingum.

11. gr.

Reglugerð þessi, er sett samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 5. gr. og 20. tl. 6. gr. tollalaga nr. 55 30. mars 1987, með áorðnum breytingum, og 3. mgr. 1. gr. laga nr. 63 28. maí 1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi hinn 1. janúar 1991. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 363/1988, um sama efni, og reglugerð nr. 390/1989, um breyting á henni.

Fjármálaráðuneytið, 20. desember 1990.

F. h. r.

Magnús Pétursson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Heimspekisjóð Brynjólfs Bjarnasonar.

1. gr.

Heiti sjóðsins er Heimspekisjóður Brynjólfs Bjarnasonar.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru Elín Brynjólfsdóttir, dóttir Brynjólfs Bjarnasonar, og maður hennar Gottfred Vestergaard. Hafa þau þegar lagt fram kr. 1 000 000,00 til stofnunar sjóðsins og hefur sú fjárhæð verið falin Háskóla Íslands til varðveislu og skal sjóðurinn alltaf vera í vörslu skólans.

3. gr.

Stofnfé og tekjur sjóðsins eru:

1. Framangreint fjárframlag, sbr. 2. gr.
2. Minningargjafir um Brynjólf er síðar kunna að berast sjóðnum.
3. Vaxtatekjur og aðrar tekjur af eignum sjóðsins.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja með fjárframlögum stúdenta í framhaldsnámi í heimsspeki. Að jafnaði skal veittur styrkur úr sjóðnum þriðja hvert ár og skal auglýst opinberlega eftir umsóknum. Styrkþegi skal halda fyrirlestur á vegum Félags áhugamanna um heimsspeki eigi síðar en tveimur árum eftir að honum var veittur styrkurinn.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og skulu þeir útnefndir af eftirtöldum aðilum, einn af hverjum: Afkomendur Brynjólfs Bjarnasonar, stjórn Félags áhugamanna um heimsspeki, háskólaráð Háskóla Íslands. Stjórnin kys sér formann. Fari svo að einhver ofangreindra aðila verði ekki til staðar eða útnefni ekki fulltrúa í stjórn sjóðsins, skal heimspekideild Háskóla Íslands útnefna fulltrúa í þeirra stað.

6. gr.

Komi fram tillaga um breytingu á skipulagsskrá þessari skal boða til stjórnarfundar og telst tillagan samþykkt, ef allir stjórnarmenn greiða henni atkvæði. Sama gildir, ef tillaga kemur fram um að leggja sjóðinn niður. Ef sjóðurinn er lagður niður skulu fjármunir hans renna óskiptir til Félags áhugamanna um heimsspeki.

7. gr.

Stjórnin skal leitast við að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmastan hátt þannig að hann nái að þjóna tilgangi sínum sem best. Aldrei má veita einstaklingi lán úr sjóðnum.

8. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er myndaður af fjárframlagi því sem greint er frá í 2. gr. Fyrst skal veitt fé úr sjóðnum er höfuðstóll hefur verið ávaxtaður í þrjú ár. Þá má veita styrki úr honum sem nema allt að 95% af vaxtatekjum hans. Það sem umfram er og aðrar tekjur skal leggjast við höfuðstólinn. Höfuðstólinn skal aldrei skerða.

9. gr.

Endurskoðendur sjóðsins eru endurskoðendur sjóða Háskóla Íslands kjörnir af háskólaráði.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. desember 1990.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.